

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, og Rio Tinto á Íslandi hf. 680466-0179, (Rio Tinto) gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

Með kaupsamningi dags. 24. október 2004 keypti Rio Tinto (Þá Alcan á Íslandi hf.), af Hafnarfjarðarkaupstað, land sunnan og austan við athafnasvæði álversins í Straumsvík, alls 51,95 hektara (L197313). Vegna framkvæmda og undirbúnings við tvöföldun Reykjanesbrautar árið 2023 tók Vegagerðin yfir 85.259 fermetra af landinu. Af þeim voru 19.612 fermetra undir eldra vegstæði. Við ákvörðun bóta Vegagerðarinnar til Rio Tinto voru þessir 19.612 fermetra dregnir frá á þeim forsendum að Vegagerðin hafi ekki gefið samþykki sitt fyrir því árið 2004 að Hafnarfjarðarkaupstaður seldi landið til Rio Tinto.

Undirritaðir aðilar eru sammála um að Hafnarfjarðarkaupstaður bæti Rio Tinto þá 19.612 fermetra af landinu sem ekki voru bættir af Vegagerðinni og við ákvörðun bótafjárhæðar verði miðað við núvirtu kaupverði per fermetar samkvæmt ofangreindum kaupsamningi frá árinu 2004.

Í samræmi við framangreint er samkomulag milli aðila um að Hafnarfjarðarkaupstaður greiði Rio Tinto kr. 26.054.604.-.

Við undirritun samkomulags þessa á hvorugur aðila kröfu á hendur hinum vegna þess lands sem Vegagerðin hefur tekið yfir vegna framkvæmda við tvöföldun Reykjanesbrautar.

Hafnarfirði, [] mars 2025

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Rio Tinto á Íslandi ehf.

Vitundarvottar að rétttri dags.,
undirritun og fjárræði aðila:

_____ kt. _____

_____ kt. _____